

4. gr.

94

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. nóv. ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti samkvæmt 2. gr. 10. sept.

5. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hverskonar sammingsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

R E G L U G E R ð

95

fyrir vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns. 10. sept.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir einkaleyfi til umráða á vatnsveitu- fyrirtæki Ólafsfjarðarkauptúns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt. Vatnsveitusvæðið er Ólafsfjarðarkauptún.

2. gr.

Frá vatnsæðum þeim, sem nú eru eða lagðar verða um vatnsveitusvæðið, má enginn leggja neinar vatnsæðar, nema með leyfi hreppsnefndarinnar.

3. gr.

Hreppsnefndin hefir yfirumsjón með öllu því, sem lýtur að vatnsveitukerfinu, en heimilt skal henni að ráða sérstakan umsjónarmann, „Vatnsveitustjóra“, sem sjái um allar gamlar og nýjar vatnsæðar, breytingar og viðauka og eru allir skyldir til að snúa sér til hans um allt, er að slíku lýtur.

4. gr.

Hver sem vill fá vatn leitt í hús sitt, sæki um það til hreppsnefndar, og lætur hún þá leggja vatnsæðar frá aðalleiðslu heim að húsvegg þeirra. Þaðan kostar svo húseigandi leiðsluna, enda sé hún hans eign.

95 Enginn má þó leggja vatnsæðar, hvorki utan húss né innan, nema vatns-
10. sept. veitustjóri, — eða undir umsjón hans.

Sé sérstaklega kostnaðarsamt að leggja vatnsæðar frá aðalæð, að ein-
hverjum sérstökum húsum, er vatnsveitunni ekki skylt að gera það; ef unnt
er að sjá þeim fyrir vatni á annan hátt, enda greiði þau hús ekki vatnskatt.

5. gr.

Kauptúnsmálar eru skyldir til að taka neytluvatn sitt hjá vatnsveitunni
þegar lagðar hafa verið vatnsæðar að húsum þeirra.

6. gr.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, verja
þær frosti, og láta gera við þær tafarlaust, ef eitthvað bilar.

Enginn má eyða vatni að óþörfu.

7. gr.

Vatnsveitustjóra er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsæðar
liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, sem í sambandi við þær eru sett.
Þyki honum útbúnaði að einhverju leyti ábótavant, getur hann fyrirskipað að
tafarlaust verði úr því bætt á kostnað húseiganda.

8. gr.

Heimilt er vatnsveitustjóra að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja
að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni ónauðsynlega og
greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Ágreiningi út af þessum atriðum má skjóta undir dóm hreppsnefndar.
Fullan vatnskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

9. gr.

Vatnsveita sú, sem nú er í kauptúninu, og rekin hefir verið undanfarið
sem félagseign verður tekin til umráða samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn
er lagt í. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá, og miðaður við fasteignamatsverð
húseigna, og má eigi fara fram úr 5% af fasteignamatsverði á neinu húsi.
Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og þá
sem hafa vatnshana utanhúss.

11. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. desember ár hvert, og greiðist í fyrsta sinn 1.
des. 1935. Vatnsskatt má taka lögtaki.

12. gr.

Allar tekjur vatnsveitunnar renna í sérstakan sjóð, er nefnist Vatnsveitu-
sjóður Ólafsfjarðarkauptúns. Úr honum greiðast öll gjöld vatnsveitunnar.

Aðalæðar vatnsveitunnar og umbúnaður við vatnsból, verða sameign 95 kauptúnsins, og kostuð af vatnsveitusjóði; svo og viðhald þeirra, eftirlit með vatnsveitunni, og stjórn hennar.

13. gr.

Hreppsnefndin hefir á hendi reikningshald og innheimtu vatnsveitunnar, og hefir að launum fyrir öll störf sín 3% af tekjunum.

Reikningsárið er almanaksár, og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir og upplesnir ásamt sveitarsjóðsreikningi ár hvert.

14. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, eða setja hreyfivélar í samband við hana, án leyfis hreppsnefndar.

15. gr.

Verði nokkur uppvis að því að skemma vatnsveituna, eða það sem henni tilheyrir, skal hann bæta það að fullu eftir mati þar til kvaddra manna, og sæta auk þess refsingu samkvæmt hegningarlögum landsins, ef sakir eru þannig, að undir þau geti fallið.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar verða sektum allt að 200 kr., sem renni í vatnsveitusjóð, og fer með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

G J A L D S K R Á

vatnsveitu Ólafsfjarðarkauptúns.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn er lagt í, skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til hússkatts. Upphæð vatnsskattsins sé þannig: